

8. september 2023

Ályktun formannafundar SGS vegna flugöryggis við Reykjavíkurflugvöll

Öryggi fólks og mikilvægi tengingar landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis ætti að vera í forgrunni þegar teknar eru ákvarðanir er lúta að flugöryggismálum. Öryggi fólks er fer um flugvöllinn má ekki vera ógnað af hindrunum í aðflugslínu sem ógnað geta flugöryggi.

Staðsetning Reykjavíkurflugvallar í höfuðborg allra landsmanna er algjörlega ómissandi þáttur fyrir landsbyggðarfólk í aðgengi að bráðaheilbrigðisþjónustu og og annarri opinberri þjónustu. Þessa þjónustu þarf landsbyggðarfólk að sækja að mestu leyti á höfuðborgarsvæðið. Þar gegnir Reykjavíkurflugvöllur algjöru lykilhlutverki.

Rétt er að benda á að auk sérgreinalækninga og aðgengi að opinberum þjónustustofnunum þá er aðgengi að menningu, sem einnig er niðurgreidd af skattfé landsbyggðarfólks, mikilvægur þáttur í lífi þeirra.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) styður tillögur Isavia er lúta að bættu flugöryggi við Reykjavíkurflugvöll. SGS skorar á Reykjavíkurborg og aðra aðila er að málinu koma að flugöryggi við Reykjavíkurflugvöll verði tryggt til framtíðar.